

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps nr. 1280/2013 með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í stjórnarsýsluhúsinu að Strandgötu 38, annan fimmtudag í mánuði kl. 18.00.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Sveitarstjóri, í samráði við oddvita, boðar fundi. Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir fund.

3. gr.

4. tölul. B. liðar 40. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Velferðarráð Vestur-Barðastrandarsýslu. Sveitarstjórn kýs tvo aðalmenn og tvo til vara skv samningi sveitarfélaganna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um skipan, rekstur og starfsemi sameiginlegs velferðarráðs. Ráðið fer með félagsmál skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, jafnréttismál skv. lögum um jafnan rétt og stöðu kvenna og karla nr. 10/2008, málefni fatlaðs fólks skv. lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og málefni skv. áfengislögum nr. 75/1998. Ráðið fer með húsnæðismál skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og húsaleigumál skv. húsaleigulögum nr. 36/1994. Ráðið fer með barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Ráðið fer með önnur mál skv. erindisbréfi sem því er sett.

4. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 24. júlí 2018.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.